

Alþingi
Erindi nr. P/137/489
komudagur 30.6.2009

NASDAQ OMXSM

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. júní 2009
Tilvísun 111
ÁSK

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins, 124. mál.

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis frá 24. júní sl. þar sem óskað er umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. (Kauphöllin) um frumvarp til laga um Bankasýslu ríkisins, 124. mál, heildarlög.

Kauphöllin styður frumvarpið en gerir jafnframt tillögu að breytingum á 4. gr. j. lið og á 8. gr. frumvarpsins. Tillögurnar eru eftirfarandi:


1. Við 4. gr. j. lið verði bætt: “Miða skal við að selja eignarhluti með gagnsæjum hætti og í samræmi við gildandi lög og dreifða eignaraðild verði henni við komið. Jafnframt skal stefnt að sölu svo skjótt sem auðið er eða um leið og markaðsaðstæður leyfa.”

Mikilvægt er að fram komi í frumvarpinu skýrari áhersla á skilvirk og hröð vinnubrögð með það að leiðarljósi að frambúðarskipan bankakerfisins liggja fyrir sem fyrst. Ákvæði í þessa veru mætti reyndar einnig vinna inn í 1. gr frumvarpsins.

2. Við 8. gr. bætist svohljóðandi málsgrein: “Jafnframt skal fjármálaráðherra fjalla um stjórnarhætti félagsins og skal þar byggt á árlegri yfirlýsingu Bankasýslunnar um hvaða reglum um stjórnarhætti sé fylgt og greint frá frávikum ef einhver eru.”

Brýnt er að fram komi í frumvarpinu hvaða reglum um stjórnarhætti fyrirtækja verði fylgt. Almenn orðalag um að byggt verði á “almennum viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti” er ófullnægjandi því það gefur of mikið svigrúm til að velja viðmið eftir aðstæðum. Gagnsæi er mikilvægt í þessu efni og eina leiðin til að tryggja það er að fyrir liggja hvaða stjórnarháttarreglum eigi að fylgja og árlega verði gerð grein fyrir því hvernig það gekk eftir.

Virðingarfyllst,


Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,
lögfræðingur.